

Miðvikudaginn 25. febrúar 1942.

Nr. 101/1941. **Kristján Hannesson** (Einar Ásmundsson)

gegn

Guðmundi Ólafssyni (Stefán Jóh. Stefánsson).

Útburðarmál.

Dómur hæstaréttar.

Hinn áfrýjaði úrskurður er upp kveðinn af Benedikt Sigurjónssyni, fulltrúa lögmanns.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 29. nóv. 1941, krefst þess, að úrskurður fógeta verði úr gildi felldur og útburðargerðin verði lätin fram fara. Enn fremur krefst hann málskostnaðar fyrir hæstarétti úr hendi stefnda eftir mati dómsins. Stefndi krefst staðfestingar á úrskurði fógeta og málskostnaðar fyrir hæstarétti úr hendi áfrýjanda eftir mati dómsins.

Í bréfi til húsaleigunefndar 11. október 1941 kvartaði áfrýjandi m. a. yfir því, að stefndi hefði ekki staðið skil á húsaleigu fyrir mánuðina september og október s. á. Þann 13. október kom stefndi fyrir húsaleigunefnd, og samkvæmt skjölum málsins og málflutningi fyrir hæstarétti verður að ætla, að honum hafi verið gert kunnugt efni bréfsins á fundi nefndarinnar og greiðsludrátturinn ræddur þar við hann. Mátti skilja þetta þannig, að frekari dráttur á greiðslu yrði talinn honum til útburðarsakar. Þar sem hann gerði samt ekki skil á leigunni fyrr en í fógetarétti 14. nóvember s. á. þykir verða að taka kröfu áfrýjanda til greina og leggja fyrir fógeta að framkvæma útburðargerðina.

Eftir atvikum þykir rétt, að stefndi greiði áfrýjanda kr. 300.00 upp í málskostnað fyrir hæstarétti.

Það athugast, að full ástæða var til þess fyrir fógeta að taka í dómi skýrslur af aðiljum samkvæmt 114. og 115. gr. sbr. 223. gr. laga nr. 85/1936.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði úrskurður er úr gildi felldur og ber fógeta að framkvæma útburðargerð þá, sem krafizt er.

Stefndi, Guðmundur Ólafsson, greiði áfrýjanda, Kristjáni Hannessyni, kr. 300.00 upp í málskostnað fyrir hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 22. nóv. 1941.

Í máli þessu, sem tekið var undir úrskurð 14. þ. m. hefur gerðarbeiðandi, Eggert Claessen hrm. f. h. Kristjáns Hannessonar, krafizt þess, að Guðmundur Ólafsson verði borinn út úr húsnæði því, er hann hefur á Bókhlöðustíg 10 hér í bæ, vegna vanskila.

Gerðarþoli hefur mótmælt framgangi hinnar umbeðnu gerðar, og lögðu aðiljar því atriðið undir úrskurð fógetaréttarins.

Eftir því sem fram hefur komið í málinu eru málavextir þeir, að gerðarþoli hefur nú um alllangt skeið haft íbúð á leigu í áður nefndu húsi. Leigan hefur verið ákveðin kr. 175.00 á mánuði, og skyldi greiddast fyrir 5. hvers mánaðar fyrirfram. Er beðið var um gerð þessa 11. þ. m., skuldaði gerðarþoli leiguna fyrir mánuðina september, október og nóvember, eða alls kr. 525.00. Þegar í fyrsta réttarhaldi máls þessa 13. þ. m. lagði gerðarþoli fram í réttinum reikning á gerðarbeiðanda að upphæð kr. 62.87, og hefur gerðarbeiðandi viðurkennt reikning þenna réttan, einnig bauð gerðarþoli fram greiðslu á allri hinni áföllnu húsaleiguskuld gegn því að gerðin félli niður, en því var hafnað af gerðarbeiðanda. Í næsta réttarhaldi 14. þ. m. afhenti gerðarþoli fógeta peninga, er námu allri húsaleigunni til 14. maí n. k., og krafðist þess, að neitað yrði um framgang gerðarinnar, þar sem hann byði fram greiðslu húsaleigunnar til næsta flutningsdags. Gerðarbeiðandi krafðist enn, að gerðin færi fram, og hélt því fram, að með þessu væri ekki fallin niður þau vanskil, sem þegar væri á orðin. Þá benti hann á, að ekki hefði verið sett trygging fyrir hinni lögleyfðu hækkun á húsaleigunni.

Eftir að málið hafði verið tekið undir úrskurð, barst fógeta frá gerðarþola í peningum greiðsla á hinni lögleyfðu hækkun húsaleigunnar frá 1. sept. s. l. til 14. maí n. k. Rétturinn verður að líta svo á, að þar sem boðin hefur verið fram og afhent fógetaréttinum greiðsla á allri leiguupphæðinni, ásamt lögleyfðri hækkun til næsta flutningsdags og gerðarþoli hefur með því sýnt, að hann hefur bæði getu og vilja á að greiða leiguna, og krafan um útburð hefur aðeins verið byggð á vanskilunum, þá þykir ástæðan fyrir

útburðinum þar með fallin niður, og verður því að synja um framgang hinnar umbeðnu gerðar. Málskostnaðar hefur ekki verið krafizt.

Þvi úrskurðast:

Hin umbeðna útburðargerð skal ekki fara fram.

Föstudaginn 27. febrúar 1942.

Nr. 54/1940. **Fanney Sigrún Jónsdóttir**

(Gunnar Þorsteinsson)

gegn

Páli Sigfússyni (Einar Ásmundsson).

Barnsfaðernismál.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdóminn hefur kveðið upp Kristján Kristjánsson, fulltrúi lögmanns.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 4. júní 1940 að fengnu áfrýjunarleyfi sama dag. Krefst hún þess aðallega, að stefndi verði dæmdur faðir barns þess, er hún ól þann 24. júní 1938 og að hann verði skyldaður til þess að greiða meðlag með barninu og áfrýjanda barnsfarakostnað og styrk fyrir og eftir barnsburð, allt eftir úrskurði yfirvalds. *Til vara* krefst áfrýjandi þess, að úrslit málsins verði látin velta á eiði hennar. Loks krefst áfrýjandi málskostnaðar úr hendi stefnda fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar af áfrýjanda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Framhaldspróf í máli þessu, eftir uppkvaðningu héraðsdóms, hafa ekki leitt neitt sérstakt í ljós, er styrki málstað áfrýjanda. Þykir mega staðfesta hinn áfrýjaða dóm með skirskotun til forsendna hans, þó svo, að eiðsfresturinn verði 4 vikur og teljist frá birtingu dóms þessa, og að eiðvinning fari fram á lögmæltu varnarþingi.